

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Grænir iðngarðar, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. júní 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir græna iðngarða, á skilgreindu iðnaðarsvæði II. Aðkoma að svæðinu er af Kirkjubæjarvegi nr. 2704. Sveitarfélagið hyggst byggja upp grænan iðngarð á svæðinu og skipuleggja lóðir og mannvirki undir hvers konar starfsemi sem fellur að hringrásarhugsun grænna iðngarða sem miðar að því að ólík fyrirtæki hefji starfsemi á skipulögðu svæði og nýti ólíka efna- og orkustrauma sem verða til í sambúð þeirra. Sérstaklega verður hugað að yfirbragði byggðar í sátt við umhverfi og náttúru. Norðan svæðisins er móttöku- og flokkunarstöð að Strönd, sem eftir atvikum geti tengst starfsemi grænna iðngarða.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 16. nóvember 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.